



## Ríkisfjármálin í óvenjulegum farvegi

### Tekjuafgangur minnkar enn í meðförum Alþingis

Fjárlagafrumvarpið var lagt fram með 15,3 ma.kr. afgangi. Þessi afgangur minnkaði smátt og smátt í þinglegri meðferð frumvarpsins. Eftir lokaafgreiðslu er nú gert ráð fyrir 6,8 ma.kr. afgangi í fjárlögum sé ekki tekið tillit til hins mikla tekjuauka sem stöðugleikaframlögin skila ríkissjóði. Séu stöðugleikaframlögin tekin með verður tekjuafgangur ríkissjóðs á árinu 2016 um 345 ma.kr.


Á lokaspretti afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins voru útgjöld aukin til þriggja þátta sem höfðu verið mikið í umræðunni; Ríkisútvarpsins, málefna í tengslum við stöðu Landspítalans og samkomulags við sveitarfélögin um fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk. Alls var hér um 2,5 ma.kr. útgjaldaauka að ræða.

### Áhrif stöðugleikaframlaga veruleg


Alls er reiknað með að nettótekjuáhrif stöðugleikaframlaganna verði 331,3 ma.kr. á rekstrargrunni. Áhrif á greiðsluflæði ríkissjóðs á árinu 2016 eru hins vegar áætluð mun minni, eða 37,7 ma.kr. Áhrifin á næsta ári eru því tiltölulega lítil, t.d. verður ríkissjóður af 17 ma.kr. sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki sem slitabú föllnu bankanna hefðu þurft að greiða og sú upphæð er nýtt til þess að jafna þá stöðu. Uppistaða stöðugleikaframlaganna eru hins vegar eignir sem ekki er auðvelt að koma í verð á stuttum tíma, t.d. er ekki gert ráð fyrir því að Íslandsbanki verði seldur á árinu 2016 en hins vegar er gert ráð fyrir auknum arðtekjum ríkissjóðs á árinu 2016 vegna þess að hann eignast bankann að fullu leyti.

### Sérstakar aðstæður og einskiptisliðir munu áfram hafa mikil áhrif á ríkisfjármálin.


Staða ríkissjóðs er mjög mismunandi eftir því hvort stöðugleikaframlögin eru tekin inn í myndina eða ekki og svo mun verða á næstu árum á meðan verið er að koma þessum nýju eignum ríkissjóðs í verð. Framlögin verða þannig færð til tekna í fjárlögum og ríkisreikningi á næstu árum.



### Breytingar frá frumvarpi til fjárlaga



### Afkoma ríkissjóðs 2016 með og án stöðugleikaframlaga





Þó flestar ytri aðstæður séu ríkisfjármálunum hagstæðar um þessar mundir er engu að síður ljóst að staða ríkissjóðs er að ýmsu leyti ekki eins góð og virðist á yfirborðinu og augljóst að stórar gjaldfærslur eiga eftir að falla á hann á næstu árum, t.d. vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga og Íbúðalánasjóðs eins og fjallað var um í nýlegri [Hagsjá](#).

### **Fjáraukalög 2015**

Fjáraukalög fyrir árið 2015 voru einnig afgreidd rétt fyrir þinglok og breyttust ekkert frá 2. umræðu. Niðurstaða varð sú að tekjur hækkuðu um 31,7 ma.kr. frá fjárlagafrumvarpi og gjöld um 17,4 ma.kr. Heildarniðurstaða fjárlaga ríkisins fyrir árið 2015 er því tekjuafgangur upp á um 21 ma.kr.

### **Framtíðarmyndin breytist**

Það er ljóst að sú framtíðarmynd sem dregin var upp í fjárlagafrumvarpi ársins 2016 mun breytast verulega þegar stöðugleikaframlögin fara að hafa áhrif. Niðurstaða fjárlaga ársins 2015 varð mun óhagstæðari en stefnt var að. Jákvæð heildarniðurstaða ársins 2016 upp á 1% af reglulegum tekjum er langt frá því sem stefnt var að í upphaflegri áætlun stjórnvalda og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins.

### **Áframhaldandi aðhald er nauðsynlegt**

Næstu fjárlög verða lögð fram í aðdraganda kosninga og sagan segir að við slíkar aðstæður losni jafnan um aðhald í opinberum fjármálum. Miðað við aðstæður í hagkerfinu í dag er mjög mikilvægt að ríkisfjármálunum sé beitt þannig að þau séu í takti við peningamálastjórn Seðlabankans í baráttu við verðbólgu og þenslu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

